

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 305/2024

2025/EES/25/54

frá 6. desember 2024

um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1956 frá 16. júlí 2024 um breytingu á framkvæmdarákvörðun (ESB) 2016/2323 um að koma á fót Evrópskrá yfir skipaendurvinnslustöðvar samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1257/2013 um endurvinnslu skipa ⁽¹⁾.
- 2) XX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 32fhd (framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/2323) í XX. viðauka við EES-samninginn:

„– **32024 D 1956:** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1956 frá 16. júlí 2024 (Stjtið. ESB L, 2024/1956, 17.7.2024).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarákvörðunar (ESB) 2024/1956, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgildur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 7. desember 2024, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 6. desember 2024.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Anders H. Eide

formaður

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L, 2024/1956, 17.7.2024, ELI: http://data.europa.eu/eli/dec_impl/2024/1956/oj

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.